

---

**Fundargerð 62. fundar skólanefndar.**  
**Dagsetning: Þriðjudagur 3. september 2013.**

**Viðstaddir:**

Björg Ágústsdóttir (formaður), Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Helga Guðmundsdóttir, Anna Bergsdóttir, Helga Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Anna Vilborg áheyrnarfulltrúi Vesturbyggðar, Guðmundur Jensson áheyrnarfulltrúi nemenda og Lilja Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.


**Dagskrá:**

1. Skólahald haust 2013

- a. **Innritun** – Jón sagði að heildarfjöldi nemenda væri 229, 56 nýnemar og 56 dreifnemendur í framhaldsdeildin eru um 30, nokkur hér í dagskóla frá Vesturbyggð. Þessi fjöldi ásamt mjög slakri (fáir nemendur) vorönn 2013 kemur ekki til með að duga skólanum til þess að uppfylla skilyrði fjárlaga 2013. Um 80% af útskrifuðum grunnskólanemendum á upptökusvæði skólans fékk skólavist í FSN.
- b. **Starfsmannamál** – Berglind Axelsdóttir er í námsleyfi, Solveig Guðmundsdóttir ráðin í íslensku og dönsku 75% danska, 50% íslenska, Loftur Árni Björgvinsson ráðinn í ensku í stað Johanna sem er í fæðingaorlofi, Ragnheiður Valdimarsdóttir var ráðin í raungreinar – Barbara er á Ítalíu og kennir í fjarnámi og Unnur Edda aðstoðar hana í spænsku - Ester kennir í fjarnámi í 2 áföngum jarðfræði, nýr stuðningsfulltrúi ráðinn Unnur Þóra á starfsbraut, fjármálastjóri - fyrst Svanur Valdimarsson – síðan Sóley Soffaníasdóttir verður til 1. febrúar þegar Guðrún Jóna kemur úr fæðingarorlofi.

Björg velti því fyrir sér hvort t.d kennaranemar væru til að aðstoða í áföngum þar sem kennslan byggði á fjarnámi? FSN þarf um 220 ársnemendur til þess að missa ekki margar kennslugreinar í hlutastörf. Horft hefur verið til samstarfi við Borganes um menntaða kennara en ekkert orðið úr en þar sem greiðslur fyrir ferðakostnaði eru óleyst vandamál.

Fjarmenntaskólarnir eru samstarf átta framhaldsskóla m.a. um námsbrautir og fjarnám. Um 100 umsóknir komu á vef Fjarmenntaskólans á þessu hausti en enginn þeirra rataði til FSN að þessu sinni. Þessir skólar eru tilbúnir að starfa saman og ef okkur vantar áfanga fyrir nemenda hér þá höfum við samband við hina skólana. Það er FSN mikill styrkur að hafa komist í þetta samstarf og eykur námsframboðið fyrir nemendur okkar.



- c. **Námsframboð** – Nýir áfangar – er verið að vinna nýja áfanga samþætta nýjar greinar, HNL nýnemaáfangi og FFÉ er 7 eininga áfangi – samþætta ólíkar námsgreinar íslenska/stæ/hugvísindi/upplýsingatækni/umhverfi okkar/. Breiðafjörður hefur stórt hlutverk í verkefninu, hér er verið að kenna góð vinnubrögð, hvernig fáum við upplýsingar, upplýsingatækni og ýmislegt, nemendur eru 7 klukkustundur í viku – skylduáfangi nýnema – 54 nýnemar í einu, skipt í hópa / verður sýnt á næsta fundi (Sólrún kynnti) grunnþættir hafðir til hliðsjónar, skólar eru að fikra sig í breytta áheyrslu á kennslu.
- d. **Busadagur** – Jón talaði um FB – vildi vera laus við busavígslu. Guðmundur sagði frá hvað má og á að gera/ passa vel upp á þetta fari ekki úr böndum – bannað allt ofbeldi – má kannski gera þau vandræðaleg/ t.d. syngja fyrir alla – Magnús talaði um að nú er tækifæri til að slá alla busavígslu af út af öllum þessum slysum og ógeði sem hafa verið – örugglega stutt í það hvenær skólar hætta þessu.
- e. **Kvíabryggja** – Komin fyrirspurn frá Selfossi hvort FSN ætti að taka að sér námsráðgjöf fyrir Kvíabryggju, en enginn svör komin frá Fangelsisstofnun.
- f. **Framhaldsdeildin á Patreksfirði** – heldur sínu striki, – ef þetta dettur út úr fjárlögum þá verður ekki meira – við erum ekki með skýr svör fyrir skerðingu.
- g. **Rekstrarstaða** – áætlun í vor 4 milljón í afgang/ nemendagólf höldum fjárlög/ hefur ekki verið afgreidd – ef við fáum ekki gólfíð þá verður niðurskurður út af nemendafækkun – við verðum að fá þetta gólf sem ráðuneytið bauð en kannast ekki við, - verður að tala við ráðuneytið í október – nóvember til að fá skýr svör um framhaldið.
2. **Undirbúningur 10 ára afmælis FSN haustið 2014** – stofna afmælisnefnd – hvenær á að halda upp á 10 ára ? líka hægt að tala um afmælisár, byrjar 2014/ byrja strax í byrjun árs – láta vita til að fá afmælisgjafir ☺ væri gaman að hafa nemendasýningu (opin dag ?) skólinn geri grind og sæki til nefndarinnar – sveitafélögin ? þarf að vera búið að ákveða fyrir jól og búa til nefnd – ota hugmyndum að nefndinni – nemendur taki þátt og fá hugmyndir – tengja samfélagið saman – senda bæjarstjórum fundargerð -
3. **Önnur mál** – Anna Vilborg talaði um nemendur fyrir vestan – Lync mikið notað, góður aðgangur að kennara, stærri hópar á 3 ári, margir komnir til baka, góð þróun, félagslífið gott fyrir vestan – Anna Vilborg vinnur einnig fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða vegna starfseminnar á sunnanveðum Vestfjörðum. Foreldrafundur í kvöld, - Rútur mjög vel nýttar þessa önn – 50 nemendur frá Snæfellsbæ og 42 frá Stykkishólmi einnig eru 14 nemendur í rútum á Vestfjörðum.

**Fundi slitið kl. 18:00**